

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 18/1998

Samtök iðnaðarins

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 18. desember 1998, sem barst nefndinni þann 21. desember s.á., hefur Jón Steindór Valdimarsson, fyrir hönd Samtaka iðnaðarins, kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 42/1998](#), dags. 25. nóvember 1998.

Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að samkeppnisráð telji ekki ástæðu til að hafast frekar að vegna erindis áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að samkeppnisráði verði gert að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðunin verði staðfest með vísan til forsendna.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 12. ágúst 1998, barst Samkeppnisstofnun erindi áfrýjanda vegna innflutnings AB Marabou í Svíþjóð á súkkulaði hingað til lands. Áfrýjandi óskaði eftir því að Samkeppnisstofnun rannsakaði hvort AB Marabou og/eða Rydenskaffi hf. beitti óréttmætum viðskiptaháttum til þess að ryðja sér til rúms á íslenskum markaði og brytu þannig gegn ákvæðum samkeppnislaga. Í erindinu kom einnig fram sú skoðun áfrýjanda að samkeppnisráð ætti að grípa til viðeigandi ráðstafana á grundvelli 20. gr. og 17. gr. samkeppnislaga.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er ítarlega lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 25. nóvember 1998 var tekin ákvörðun í máli þessu. Í niðurstöðu ákvörðunarinnar kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Þegar af þeirri ástæðu, að markaðshlutdeild Rydenskaffis var ekki meiri en raun ber vitni á árinu 1997, er ekki efni til að beita íhlutun á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga gagnvart markaðslegri hegðun fyrirtækisins.“

Ennfremur kom eftirfarandi fram í niðurstöðu :

„Ekki hefur verið sýnt fram á að neitt það sem Rydenskaffi hefur aðhafst og kvartað er yfir eða innkaupsverðlagning á Marabou súkkulaði fari gegn einstökum ákvæðum eða markmiði samkeppnislaga.“

Ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar eru svohljóðandi:

„Ekki er ástæða til að hafast að vegna erindis Samtaka iðnaðarins.“

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála 15. janúar 1999.

III.

Áfrýjandi gerir athugasemdir við rannsókn samkeppnisyfirvalda í máli þessu. Það er álit áfrýjanda að ekki hafi verið rannsakað hverju það sæti að Marabou súkkulaði sé mun dýrara í Svíþjóð heldur en í Reykjavík. Samkeppnisstofnun hafi látið nægja yfirlýsingu frá Marabou þess efnis að Rydenskaffi hf. kaupi súkkulaði á eðlilegu útflutningsverði, en ekki gengið úr skugga um að svo væri.

Áfrýjandi bendir á að í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar sé fjölyrt um markaðshlutdeild Nóa-Síríusar hf. og Rydenskaffis hf. en hvergi sé vikið að stærðarhlutföllum Nóa-Síríusar hf. og AB Marabou. Þá bendir áfrýjandi á að ekki sé heldur vikið að því að AB Marabou sé einn stærsti súkkulaðiframleiðandi Evrópu og ekki sé reynt að varpa ljósi á hver þáttur AB Marabou sé í málinu.

Að mati áfrýjanda virðast merkingar Marabou súkkulaðis ráða úrslitum um að samkeppnisráð telji eðlilegt og jafnvel lofsvert að selja súkkulaði á svo lágu verði sem raun ber vitni. Hann bendir á að í forsendum hinnar kærðu

ákvörðunar sé tekið fram að það sé mat samkeppnisráðs að það séu góðir viðskiptahættir að merkja súkkulaði með dagstimpli. Bent er á að ekkert hafi hins vegar komið fram í gögnum málsins um að súkkulaðið hafi verið markaðsfært eða kynnt neytendum sem súkkulaði sem var að verða útrunnið. Áfrýjandi telur að það hljóti að vera forsenda hinna lofsverðu viðskiptahátta að neytendum sé gert þetta ljóst við kaup vörunnar.

Áfrýjandi telur að ráða megi, af þeim sjónarmiðum sem koma fram hjá Rydenskaffi hf., að það hafi verið markviss stefna þess fyrirtækis og AB Marabou að byggja sókn sína á íslenskan markað á súkkulaði sem var að verða of gamalt og losna þannig við gamlar birgðir. Þannig hafi ætlunin verið að slá tvær flugur í einu höggi, ná fótfestu á markaði og koma nær verðlausum afurðum í verð.

Áfrýjandi bendir á að geymsluþol súkkulaðis ráðist fyrst og fremst af því hvernig það sé geymt og gæðum hráefnis þess. Ekkert komi í veg fyrir að margra ára súkkulaði sé sem nýtt. Heilbrigðisyfirvöld sjái ekki ástæðu til að gera kröfur um merkingar um síðasta neysludag. Ekki hafi verið upplýst við hvað AB Marabou miði sínar merkingar við og að súkkulaði þeirra gæti því verið mun eldra en súkkulaði sem neytendur kaupi frá öðrum framleiðendum.

Þá gerir áfrýjandi athugasemdir við það að lagt sé að jöfnu fyllt og ófyllt súkkulaði þegar talað er um markaðshlutdeild. Að mati áfrýjanda er réttara að líta á 100 g og 200 g plötur sem einn flokk. Yrði það gert kæmi í ljós hvernig markaðshlutdeildin breyttist á þeim tíma sem markaðsherferð Rydenskaffis hf. og AB Marabou stóð yfir.

Samkeppnisráð bendir á að skýran greinarmun verði að gera á undirboðsmálum og samkeppnismálum. Ef um undirboðsmál væri að ræða skipti verulegu máli að rannsaka verðmun á Marabou súkkulaði á Íslandi og í Svíþjóð. Öðru máli gegni þegar meta á hvort sala á Marabou súkkulaði hafi skaðleg áhrif á samkeppni hér á landi í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Í slíkum málum skipti höfuðmáli að meta stöðu þess fyrirtækis á markaðnum sem sakað er um samkeppnishömlur. Bent er á að það liggi fyrir að Rydenskaffi hf. hafi innan við 5% markaðshlutdeild á súkkulaðimarkaðnum og sé því þegar af þeirri ástæðu ekki tilefni til afskipta samkeppnisyfirvalda.

Samkeppnisráð bendir á að í málum hjá samkeppnisyfirvöldum sé fjallað um þau fyrirtæki sem starfi á viðkomandi markaði og falla undir lögsögu samkeppnisyfirvalda. Þar sem AB Marabou sé erlent fyrirtæki sem ekki sé á sama sölustigi og Rydenskaffi hf. og stundi enga beina markaðsstarfsemi hér á landi, starfi það ekki á sama markaði og Rydenskaffi hf. og Núi-Síríus hf.

Að mati samkeppnisráðs ber að líta á súkkulaðimarkaðinn sem einn heildarmarkað í máli þessu. Í hugum neytenda geti flestar tegundir súkkulaðis komið í stað annarra tegunda og því sé staðganga þar á milli.

Samkeppnisráð telur ekkert benda til þess að dagstimplanir AB Marabou á súkkulaði sínu séu ekki gerðar af ærlegum hvötum. Ekkert sé við það að athuga að fyrirtæki selji vöru sína sem er að renna út á lægra verði.

IV.

Niðurstöður.

Af 1. mgr. 3. gr. samkeppnislaga leiðir, að mál þetta á undir íslensk samkeppnisyfirkvöld.

Samkvæmt 1. gr. samkeppnislaga er markmið þeirra að efla virka samkeppni í viðskiptum. Skal því markmiði m.a. náð með því að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum, eins og segir í nefndri lagagrein.

Í máli því sem hér er til úrlausnar reynir einkum á ákvæði 17. og 20. gr. samkeppnislaga auk þeirra ákvæða sem fyrr voru nefnd.

Til þess að unnt sé að beita 17. gr. verður, að meginstefnu, að hafa komið til skaðleg starfsemi af hálfu fyrirtækis eða annars viðskiptaaðila, er hefur markaðsráðandi stöðu. Að sjálfsögðu er háð mati hverju sinni hvort hlutaðeigandi fyrirtæki hafi þess háttar stöðu á tilteknu viðskiptasviði, þannig að ekki er unnt að gefa fyrirfram algilda leiðbeiningu um hvar mörk þess hugtaks liggi á tölfræðilegum kvarða. Engu að síður er fullljóst að markaðshlutdeild Rydenskaffis hf. vegna sölu súkkulaðis frá AB Marabou hér á landi er óveruleg í samanburði við markaðshlutdeild fyrirtækisins Nóa-Síríusar hf. Af gögnum málsins verður ráðið, að hið síðarnefnda fyrirtæki hafi allt að 40% markaðshlutdeild í sölu súkkulaðis á móti 5% hlutdeildar Rydenskaffis hf. á þeim markaði. Fer því víðs fjarri að Rydenskaffi hf. hafi þá yfirburðastöðu á íslenskum súkkulaðimarkaði að sala af hálfu þess fyrirtækis geti, að óbreyttum aðstæðum, skipt sköpum á þeim markaði eða haft svo alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt viðskiptalíf að til álita geti komið að beita ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga af því tilefni.

Í 20. gr. samkeppnislaga segir að „óheimilt sé að hafast nokkuð það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það, sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda“. Í máli því, er hér liggur fyrir, hefur ekki verið sýnt fram á svo að ótvírætt sé að

viðskiptahættir Rydenskaffis hf., varðandi sölu á umræddu súkkulaði, hafi verið í beinni andstöðu við eðlilega viðskipta-hætti eða verið neytendum í óhag.

Um alllangan tíma fékk Rydenskaffi hf. umrætt súkkulaði á óvenjulega lágu verði frá AB Marabou í Svíþjóð. Við skoðun á bókhaldsgögnum Rydenskaffis hf., er fram fór á vegum Samkeppnisstofnunar, kom engu að síður í ljós að um talsverða heildsöluálagningu var að ræða á nefndri vörutegund af hálfu þess fyrirtækis. Hefur áfrýjunarnefnd kynnt sér gögn vegna þeirrar könnunar og telur á þeim byggjandi. Ljóst er að hið lága innkaupsverð vörunnar hefur verið grundvöllur útsöluverðs hennar hérlendis, sem teljast mátti lágt miðað við sambærilega vöru annarra framleiðenda og seljenda, þ.á.m. súkkulaði frá Nóa-Síríusi hf. Verður heldur ekki séð að umrædd sölustarfsemi Rydenskaffis hf. hér á landi hafi beinst öðru fremur gegn Nóa-Síríusi hf.

Algengt er að seljendur ýmissa nýrra vörutegunda eða tegunda er lítt hafa rutt sér til rúms á íslenskum neytendamarkaði selji vöru sína á lágu verði um stundar sakir til þess að hæna neytendurna að henni. Verður ákvörðun forsvarsmanna fyrirtækis þar að lútandi að jafnaði að teljast til eðlilegra viðskiptahátta í samkeppnisþjóðfélagi og er neytendum yfirleitt síður en svo til óhagræðis eða skaða. Álitafni geta þó risið í því efni ef varan er boðin á hinu óvenjulega lága verði um langan tíma, enda kann þá að vakna grunur um að einhvers staðar í viðskiptakeðju vörunnar sé um óeðlileg undirboð að ræða. Hið lága innkaupsverð frá framleiðanda vörunnar í Svíþjóð, í svo langan tíma sem hér um ræðir, gaf samkeppnisyfirvöldum vissulega tilefni til sérstakrar könnunar á því atriði. Hefði sú könnun að vísu mátt vera ítarlegri og víðtækari en raun bar vitni um. Sú könnun er fram fór, svo og önnur gögn málsins, leiða þó ekki til þeirrar niðurstöðu að, af hálfu Rydenskaffis hf., hafi verið um svo mikil frávik að ræða frá því sem eðlilegt má kalla í viðskiptum á þessu sviði, að jafngildi broti á 20. samkeppnislaga, með heimild til þeirra aðgerða er samkeppnisyfirvöldum væru þá tiltæk.

Af þeim ástæðum er hér hafa verið raktar, fellst áfrýjunarnefnd samkeppnismála á þá niðurstöðu samkeppnisráðs að ekki sé að svo búnu máli næg ástæða til þess að grípa til neinna aðgerða vegna umrædds erindis Samtaka iðnaðarins.

V.

Úrskurðarorð.

Hin kærða ákvörðun samkeppnisráðs, nr. 42/1998, skal standa óhöggðu.

Reykjavík, 28. janúar 1999.

Páll Sigurðsson

Kirstín Flygenring

Erla S. Árnadóttir